

LEIÐRÉTTUR ÚRSKURÐUR

Mál nr. 119/2025

Nafn málskotsaðila: (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Skaðabótaábyrgð. Gáleysi. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

4. Málskot móttakið 26. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
5. Athugasemdir V, dags. 16. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
6. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. maí 2025, ásamt fylgiskjölum
7. Viðbótarathugasemdir V, dags. 2. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar vegna tjóns í skólahúsnæðinu X 25. nóvember 2024 sem starfsmaður M varð valdur að. Höfnunin byggist á því að þar sem verksamningur væri til staðar milli M og sveitarfélagsins K þá fari um tjónið eftir reglum um skaðabætur innan samninga sem váttryggingin bæti ekki. M telur að afstaða V sé röng.

Fram kemur að málavextir hafi verið þeir að starfsmaður M (A) hafi verið að tengja sprinklerstúta í kerfislofti í nýbyggingu og annar starfsmaður (B) hafi farið í sama verkþátt á öðrum stað í húsinu. A hafi síðan hleypt vatni inn á vatnsúðakerfið til að þrýstiprófa það og horft á þrýstingin rísa á kerfinu. Þá hafi vatn byrjað að fossa út úr stút í vinnunni hjá B og A sér að þrýstingur fellur og fer að skoða kerfið til að ákveða hvað skuli gera þegar B kemur og saman klára þeir að loka fyrir kerfið. Það flæddi töluvert magn vatns um rýmið og umfangi tjónsins er lýst í sér fylgiskjali sem verkfræðistofa gerði.

Í málskoti kemur fram að það sé til staðar verksamningur milli M og K en það þýði ekki að skaðabótaábyrgðin hafi stofnast innan samnings og í raun hafi verksamningurinn ekkert með ábyrgð á því tjóni að gera sem varð vegna mistaka starfsmanna M við framkvæmd verksins. M telur að öll verk í verktöku byggji á samningum milli verktaka og verkkaupa og skipti þar engu máli hvort samningurinn sé gerður skriflega eða munnlega. Tilvist verksamnings breyti engu varðandi réttarstöðu aðila enda sé tjónið ekki vegna brota á samningi eða vanefndum samnings. Útboðsskilmálar séu hluti af verksamningi eins og komi fram í verksamningnum og þar kemur fram að verktaki skuli leggja fram skírteini um frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem hann kunni að valda verkkaupa eða þriðja aðila. Afstaða V þjóni engan veginn þeim tilgangi sem henni er ætlað að hafa að óbreyttum váttryggingaskilmálum og vandséð hvers vegna M ætti að hafa váttrygginguna ef hún bætir ekki tjón í pípulagningarstarfsemi sem hann vinni fyrir aðra á grundvelli verksamnings. Þá hefði V átt að veita M upplýsingar um váttrygginguna þannig að hún væri í samræmi við þarfir hans og á því formi að hann hefði getað tekið upplýsta ákvörðun.

Í viðbótarathugasemdum M er gerð athugasemd við það sem V heldur fram um að það sé til staðar misræmi um það hvernig tjónið atvikaðist og að það hafi þýðingu við mat á bótaskyldu. M hafi lýst tjóninu með sama hætti frá upphafi en í upphaflegu minnisblaði hafi ekki verið til staðar allar upplýsingar um orsakir leka og það hafi verið leiðrétt með uppfærðu minnisblaði. K sé að vinna að því að taka saman heildarkostnað tjónsins en ágreiningur um bótaskyldu sé hjá úrskurðarnefndinni óháð fjárkröfu. Vegna afstöðu V hafi M fengið G, verkfræðing, til að reikna út vatnsmagn sem hafi komið úr lögninni á þeim tíma og reyndar einnig ef flætt hefði í 3 mínútur, á fullum þrýstingi og miðað við það vatnsmagns sem var í lögninni og það hafi verið mun minna magn en ef stútur hefði gefið sig eins og V haldi fram. Því er mótmælt að verkliðurinn hefi ekki verið unnin í samræmi við verklýsingu. Í verklýsingu komi fram að við þrýstiprófun skuli verktaki kalla eftirlitsmann verkkaupa á vettvang í byrjun og lok prófunarinnar og skuli hann taka kerfið út og samþykkja prófunina. Tölvupóstur staðfesti að svo hafi verið. Þá mótmælir M því að honum hafi verið falin umráð K, að utan eða innan, með því að hafa tekið að sér vinnu við pípulagnir við skólann. K hafi aldrei afhent M umráðin heldur hafi M unnið þar með heimild K á grundvelli verksamnings ásamt öðrum verktökum og iðnaðarmönnum. Þá beri að skýra grein 5.2. skilmála váttryggingar þröngt enda sé um undantekningarreglu að ræða. Vegna

tilvísunar í 5.3. gr. þá telur M ákvæðið ekki eiga við þar sem hann hafi ekki tekið að sér viðgerð heldur sé um nýtt verk að ræða.

Í bréfi V kemur fram að tjónið sem mál þetta fjallar um hafi verið tilkynnt sama dag og í framhaldi af því hafi fulltrúar V farið á vettvang til að fá skýrari mynd af aðstæðum. Engin skýrsla hafi verið gerð um þá vettvangsskoðun. 29. nóvember 2025 hafi V borist minnisblað M vegna atviksins og hafi þá birst misræmi í frásögn M. Í upphaflegri tilkynningu hafi komið fram að leki hafi komið upp í X og svo vírst sem sprinkler stútur hafi gefið sig eða sprungið en í minnisblaðinu sé atvikum lýst með þeim hætti að að sprinkler kerfi hafi óvænt gefið sig. Fram kemur hjá V að hlutverk fjálsra ábyrgðartrygginga sé að greiða tjónþola skaðabætur hafi váttryggður bakað sér skaðabótaábyrgð utan samninga og tjónþoli ekki meðsekur eða meðábyrgur. Þá sé V ekki bundið af því að váttryggingartaki viðurkenni skaðabótaábyrgð. V telur misræmi um það í gögnum málsins hvernig tjónið atvikaðist og að minnisblaðið beri með sér að tjónið beri með sér að sprinkler lögn hafi skyndilega gefið sig. Umfang tjónsins bendi enn fremur til þess að langan tíma hafi tekið að skrúfa fyrir lögnina þar sem mikið vatn hafi streymt úr lagnakerfinu áður en skrúfað var fyrir vatnið. Umfang tjónsins og skemmdirnar komi því heim og saman við lýsinguna í minnisblaðinu. Ólíklegt verði að teljast að svo mikið vatnsmagn gæti hafa streymt úr lögnunum ef starfsmaður M hafi staðið við lagnakrana og orðið var við þrýstingsfall á lögninni. V telur því verulegar líkur á því að tjónið hafi orðið vegna skyndilegrar bilunar í lögninni en ekki vegna mistaka af hálfu M. M beri sönnunarbyrði um það hvernig tjónið orsakaðist og verði að bera hallan af því ef vafi leikur á málsatvikum og því hvernig tjónið orsakaðist. Fram kemur í bréfi V að samkvæmt verksamningnum beri M ríkari ábyrgð en almennt leiðir af skaðabótaábyrgð utan samninga og að í útboðslýsingu og verklýsingu sé tekið fram hvernig staðið skuli að þrýstiprófun slökkviúðalagna. Fram komi að M beri ábyrgð á öllum kostnaði sem hljótist af tjóni sem verði á innsteyptum hlutum þegar svo beri undir vegna borunar í þá eða annarra athafna verktaka. Þannig hafi M gengist undir ábyrgð á grundvelli samningsins sem sé víðtækari heldur en almenn skaðabótaábyrgð utan samninga. Lýsing M beri með sér að hann hafi farið á svig við fyrrgreind fyrirmæli verksamningsins um framkvæmd þrýstiprófunar í umrætt sinn og verði tjónsatvikið þ.a.l. með beinum hætti rakið til brota á verksamningnum. Þar sem engin skaðabótakrafa hafi borist V sé ljóst að ekki sé um að ræða skaðabótaskyldu utan samninga að ræða. Þá telur V að ábyrgð þess sé takmörkuð við undanþáguákvæði í 5. Telji verði að sá aðili sem takið að sér „alla lagnavinnu innanhúss“ í nýbyggingu hafi hana í vörslum sínum að innanverðu í skilningi 5.2. gr. skilmálans. Þessu ákvæði til fyllingar sé ákvæði í 5.3. gr. skilmálans þar sem kveðið er á um að trygging taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem hinn tryggði taki að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti. Þar undir fallir allir þeir verkþættir sem lýst sé í samningi milli M og verkkaupa.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að ítarlegri lýsing M sem hafi borist 17. janúar 2025 sé í ósamræmi við það sem fram kom í minnisblaðinu og þá lýsingu sem er í tjónstilkynningu að því leyti sem snýr að háttsemi starfsmanns. Annars vegar segi í tjónstilkynningu að starfsmaður hafi skrúfað tappann úr, það hafi lekið smá og síðan hafi fossað úr lögninni en í viðbótarathugasemdunum segir að þegar starfsmaðurinn hafi byrjað að skrúfa tappann úr kerfinu hafi hann „poppað“ úr. Ekki verði fallist á það með M að ekki hafi legið fyrir allar upplýsingar orsakir lekans við gerð minnisblaðið og V verði að líta á minnisblaðið sem frumgagn málsins þar sem það hafi komið þegar óskað var eftir upplýsingum. Þá bendir V á að ekki séu alltaf skýr mörk milli skaðabótaábyrgðar innan og utan samninga og taka verði mið af efni og eðli samninga þegar mörkin séu skýr. Megineinkenni skaðabótaábyrgðar utan samninga sé að þar sé jafnan ekki réttarsamband milli aðila, heldur stofnist slíkt samband við hina skaðabótaskyldu háttsemi. V bendir á að í verksamningum hafi M tekið að sér skýlausa ábyrgð á tjóni sem verði við framkvæmd verksins og að slík bótaábyrgð sé sérstaklega undanskilin skv. skilmálum váttryggingarinnar í 4. gr. Umrætt tjón verði rakið til þess að starfsmenn M viku frá samningsskyldum sínum við meðferð fasteignarinnar og framkvæmd verksins.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum sem gilda í máli þessu kemur fram í 2. gr. að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar utan samninga sem falli á váttryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið sé í skírteini. Þá kemur fram að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé að slys eða skemmdir verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Ágreiningur er í málinu um það hvernig tjón það sem málið fjallar um bar að. Tjónið varð 25. nóvember 2024 og sama dag tilkynnir M um tjónið til V. Í þeirri tilkynningu er greint frá því að tjónið sé að rekja til vinnu tveggja starfsmanna M eins og

greint er frá í málavaxtalýsingu. M fær minnisblað frá Y dags. 29. nóvember 2024 þar sem fram kemur að unnið hafi verið við sprinkler kerfi í skólanum og svo virðist sem sprinkler stútur hafi gefið sig eða sprungið. Síðara minnisblaðið er dags. 17. desember 2024 og þar kemur fram að leikinn hafi átt sér uppstöðu í sprinkler kerfi en aðdraganda lekans ekki lýst frekar. Líta verður svo á að tilkynning M til V sama dag og tjónið varð sé frumgagn um aðdraganda tjónsins. Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu var starfsmaður A að tengja sprinklerstúta í kerfislofti í nýbyggingu og starfsmaður B hafi farið í sama verkþátt á öðrum stað í húsinu. A hafi síðan hleypt vatni inn á vatnsúðakerfið til að þrýstiprófa það og horfi á þrýstingin rísa á kerfinu. Þá hafi vatn byrjað að fossa út úr stút í vinnunni hjá B og A sér að þrýstingur fellur og fer að skoða kerfið til að ákveða hvað skuli gera þegar B kemur og saman klára þeir að loka fyrir kerfið. Það hlýtur að kalla á sérstaka aðgæslu þegar vatni er hleypt á aftur á vatnsúðakerfi í stórrí byggingu. Vanræksla A vegna þessa verður af þeim sökum talið gáleysi af hálfu A þ.e. að hleypa vatni á kerfið án þess að kanna nægjanlega vel hvort mögulega sé opið fyrir kerfið á öðrum stað í húsinu. Með vísan framangreinds og þess að tjónið er að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns M fellur það undir 2. gr. skilmála váttryggingarinnar og er þar af leiðandi bótaskyld, en þó með því fororði að ekki liggur fyrir kröfugerð K og því er ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort einhver hluti tjónsins falli undir undanþáguákvæði skilmála váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á að tjónið sé bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á umfang tjóns og það falli ekki undir undanþáguákvæði skilmála váttryggingarinnar.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir